# Staðarreglur um hegðun Meistaramóts GKG 2026

*Þannig samþykkt af Mótsstjórn Meistaramóts GKG 3. júlí 2026*

*Leikmenn skulu við þátttöku sína í Meistaramóti GKG 2026 haga framkomu sinni allri í samræmi við 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ og samkvæmt siðareglum ÍSÍ og hegðunarviðmiðum þess.*

Brot á hegðunarreglunum geta varðað vítum, samanber eftirfarandi dæmi.

| Eðli brots | Fyrsta brot | Annað brot | Þriðja brot | Fjórða brot |
|---|---|---|---|---|
| **Minniháttar brot, t.d.**:<br>● Truflun, t.d. vegna síma.<br>● Torfusneplar ekki settir á sinn stað. | Áminning | Eitt vítahögg | Almennt víti | Frávísun |
| **Almenn brot, t.d.**:<br>● Óvirðing við starfsmenn eða aðra leikmenn.<br>● Kasta kylfu í bræðiskasti. | Eitt vítahögg | Almennt víti | Frávísun | |
| **Alvarleg brot, t.d.**:<br>● Óþarfa skemmdir á flötum.<br>● Kasta kylfu í bræðiskasti og setja einhvern einstakling í hættu. | Almennt víti | Frávísun | | |
| **Mjög alvarleg brot, t.d.**:<br>● Líkamsárás.<br>● Að hafa rangt við.<br>● Neysla vímuefna. | Frávísun | | | |

***Brot safnast upp innan mótsins***, þ.e. horft er á keppnina í heild sinni þegar litið er til endurtekinna brota.

Framangreind dæmi eru alls ekki tæmandi heldur einungis til viðmiðunar. Lokaákvörðun um víti er ávallt í höndum dómara og mótsstjórnar.